



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. forsætisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. apríl 2019

1904040SA SÁS/TP
Málalykill: 00.63

Efni: Eftirlit ríkisendurskoðanda með tekjum ríkisins o.fl. - 803. mál 149. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, þar sem Sambandi Íslenskra sveitarfélaga er gefinn kostur á umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Almennt um verksvið ríkisendurskoðanda gagnvart fjármálum sveitarfélaga

Pegar umrædd lög voru til meðferðar á Alþingi á sínum tíma, sendi sambandið inn ítarlega umsögn (P-143/1831) þar sem farið var yfir verksvið ríkisendurskoðanda gagnvart fjármálum sveitarfélaga. Í umsögninni var tekið fram að sambandið tæki ekki undir að ríkisendurskoðandi hefði beint eftirlit með ráðstöfun þeirra fjármuna, sem sveitarfélögin fá í sinn hlut við verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið taldi fremur að leggja ætti áherslu á verkferla við fjárhagslegt uppgjör, m.a. að ríkisendurskoðun skrifi upp á að rétt sé að verki staðið við útreikning á skiptingu staðgreiðslu milli ríkis og sveitarfélaga.

Mjög mikilvægt er að slíkir verkferlar séu eins skýrir og kostur er. Nokkuð skortir þar á, m.a. gagnvart fyrirkomulagi innheimtupóknunar vegna útsvars í staðgreiðslu, sem ríkið fær vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Að mati sambandsins liggur fyrir með óyggjandi hætti að þessi þóknun til ríkisins sé langt umfram kostnað:

- Samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda greiða sveitarfélögin ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari í staðgreiðslu. Árið 2017 greiddu sveitarfélög 1.038 m.kr. í innheimtupóknun til ríkissjóðs.
- Í tillögu að þingsályktun um fjármálaáætlun 2020-2024 kemur fram að innheimtukostnaður ríkissjóðs vegna hvers konar innheimtu hafi numið 560 m.kr. á árinu 2017.
- Skv. þessum tölum er hér um að ræða hreina skattlagningu á sveitarfélög landsins og þau fjármagna allan kostnað ríkissjóðs af innheimtu gjalda og gott betur.
- Árið eftir að lög um staðgreiðslu komu til fullrar framkvæmdar, þ.e. árið 1990, nam innheimtupóknun ríkissjóðs 63 m.kr. Hækkun til ársins 2017 nemur 1.541%, sem er 439% umfram verðlag. Hækkunin er 209% umfram hækkun launavísitölu.
- Augljóst er að með byltingum í stafrænni meðferð og vinnslu hefur kostnaður við innheimtu og eftirlit lækkað umtalsvert.

Við umfjöllun um frv. til fjárlaga og þált. um gerð fjármálaáætlunar hefur sambandið ítrekað farið fram á að umrædd innheimtuþóknun verði lækkuð. Telja verður að yfirferð á forsendum þóknunar geti vel átt heima meðal verkefna ríkisendurskoðunar. Sú sérstaka starfseining embættisins, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar, geti þannig kallað eftir upplýsingum um kostnað ríkisins af innheimtunni og lagt til að því hlutfalli sem sveitarfélög greiða í þóknun verði breytt í takti við þróun innheimtuhátta.

Þá myndi þessi aðkoma ríkisendurskoðunar vera í fyllsta samræmi við markmið laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, en rauði þráður þeirra laga felst í að líta beri á opinber fjármál sem eina heild. Í krafti þeirra sjónarmiða er bæði sanngjarnt og eðlilegt að sveitarfélögin njóti þess þegar almenn innheimta opinberra gjalda verður hagkvæmari og skilvirkari.

Að álitni sambandsins fengi aðkoma ríkisendurskoðunar, samkvæmt ofangreindu, fullan stuðning úr ákvæðum 1.-3. gr. fyrirbyggjandi frumvarps, verði það að lögum. Æskilegt er að tekið verði af skarið um þennan stuðning í væntanlegu nefndarálitni forsætisnefndar.

Sambandið kallar einnig eftir því að nefndarálitnið styðji við ráðgjafar- og leiðbeiningarhlutverk ríkisendurskoðunar gagnvart verkferlum við fjárhagslegt uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga. Sú þróun er að hefjast hérlendis, sem komin er langt í nágrannalöndum (t.d. í Danmörku) að sameina opinber álagningar- og greiðslukerfi. Brýnt er að ríkisendurskoðandi geti kannað að slík álagningar- og greiðslukerfi virki í samræmi við lög og eins og til er ætlast.


Áríðandi er, í þeim tilvikum þar sem stefnt er að sameiningu greiðslukerfa milli ríkis og sveitarfélaga, að til staðar sé óvilhallur opinber aðili sem getur tekið út virkni á sameiginlegu kerfi. Sambandið telur einboðið að ríkisendurskoðandi sé þessi aðili og njóti fulls aðgangs að gögnum og upplýsingum hjá öllum opinberum aðilum sbr. 4. gr. fyrirbyggjandi frumvarps.

Samandregið

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið styður sambandið að fyrirbyggjandi frumvarp verði á lögum. Æskilegt er að lögskýringargögn (þ.m.t. álit forsætisnefndar Alþingis) styðji að verkferlar við fjárhagslegt uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga séu eins skýrir og kostur er.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri